

## Fulltrúaráðsfundur foreldrafélags Álfhólsskóla haldinn þriðjudaginn 2. október 2012 í samkomusal Álfhólsskóla í Hjalla.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Formaður foreldrafélagsins, Anna María Bjarnadóttir, setti fund kl. 20:05

#### 2. Kynning á stjórn og áformum stjórnar

Anna María kynnti stjórnarmenn, skiptingu í embætti og tengsl stjórnarmanna við skólastigin.

Í stjórn eru:

Anna María Bjarnadóttir	formaður
Sigurður M. Grétarsson	varaformaður
Brynhildur Grímsdóttir	gjaldkeri
Erna M. Arnarsdóttir	ritari
Berglind Svavarsdóttir	meðstjórnandi
Selma Guðmundsdóttir	meðstjórnandi
Hörður Siguðrsson	meðstjórnandi
Sólveig B. Hlöðversdóttir	varamaður
Særún Sigurjónsdóttir	varamaður
Gunnar Þór Jóhannesson	varamaður

Tengiliðir við skólastigin:

Yngsta stig:	Sigurður og Brynhildur
Miðstig:	Selma og Hörður
Elsta stig:	Berglind og Erna

Önnur störf:

Foreldrarölt:	Sólveig
Foreldraleikfimi:	Rannveig Traustadóttir, Sigrún og Dagný,
Fulltrúi í Samkóp:	Sigurður
Fulltrúar í skólaráði:	Selma og Ragnheiður Bóasdóttir.

Formaður kynnti síðan hvaða lög gilda um foreldrafélög:

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, segir í 9. gr. um foreldrafélag:

"Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð."

Áform stjórnar:

- Stuðla að öflugu foreldrasamstarfi, með því að styðja við og efla samstarf fulltrúaráðs foreldrafélagsins sem samanstendur af bekkjarfulltrúum, fulltrúum foreldra í skólaráði og stjórn foreldrafélagsins.
- Hitta nemendaráð og skólaráð svo við getum kynnt okkur starfsemi þeirra. Þannig getum við myndað tengsl, styrkt samstarf foreldra og barna enn frekar og gætt hagsmuna barnanna okkar.
- Halda áfram með fréttabréf foreldrafélagsins
- Skapa hefðir um viðburði í foreldrasamfélaginu
- Halda fræðsluerindi í samstarfi við skólann fyrir foreldra barna í 5. bekk og 8. bekk
- Halda fræðslu um skaðsemi eineltis fyrir alla foreldra barna í skólanum.
- Halda kynningu að vori fyrir foreldra barna sem eru að byrja í skólanum komandi haust (vorskólinn) þar sem kynnt er m.a. starfsemi foreldrafélagsins, hlutverk bekkjarfulltrúa og námsgagnasala foreldrafélagsins fyrir 1. bekkina.
- Fundir með skólastjóra þegar þörf krefur, að minnsta kosti einu sinni á önn.

### 3. Vetrarstarfið kynnt

Viðburðanefndir:

Anna María kynnti hvaða nefndir þarf að skipa til að sjá um viðburði vetrarins. Ákveðið hefur verið að nú heiti það desemberfjör sem áður var kallað laufabrauðsdagur. Desemberfjórið verður haldið laugardaginn 24.nóv.

Páskabingó verður laugardaginn 16. mars og vorhátíð í lok maí í samstarfi við skólann.

Starfsnefndir eru eftirfarandi:

- Fréttabréfsnefnd : Í henni voru 2 fulltrúar s.l. starfsár en óskað eftir einum fulltrúa enn.
- Öryggisnefnd: Sigurður, sem er formaður nefndarinnar kynnti verkefni öryggisnefndar og kallaði eftir fulltrúum í nefndina.
- Foreldrarölt: Sólveig formaður nefndarinnar kynnti störf foreldraröltisnefndar og foreldraröltið.
- Heilsurækt: Sú nefnd er fullmönnuð og skipa hana þær sömu og undanfarin ár
- Vínafjölskyldur: Anna María kynnti áform stjórnar um að stofna nefnd um vínafjölskylduverkefnið sem kynnt var á fulltrúaráðsfundi sl. ár. Skipa þarf í þessa nefnd

Ákveðið hefur verið að hafa fræðslu á seinni á fulltrúaráðsfundi vetrarins. Það fulltrúa um að koma með hugmyndir um fræðsluefni.

### 4. Kynning á hlutverkum bekkjarfulltrúa.

Berglind kynnti hlutverk bekkjarfulltrúanna og [starfsreglurnar](#) eins og þær eru á heimasíðu foreldrafélagsins. Einnig kynnti hún eyðublað þar sem foreldrar skrá sig til að sjá um/hjálpa til við bekkjarviðburði vetrarins. [Eyðublaðið](#) er einnig á heimasíðu foreldrafélagsins undir bekkjarfulltrúar. Þar er einnig [Hugmyndabanki bekkjarfulltrúa](#) þar sem settar hafa verið inn hugmyndir um viðburði bæði í skólanum og utan hans.

Berglind kynnti einnig bekkjarmöppuna sem hver bekkur fær afhenta í 1.bekk og á að fylgja honum upp í 10.bekk. Þar má setja inn ýmsar upplýsingar, myndir o.fl.

### 5. Heimasíða foreldrafélagsins

Sólveig kynnti svæði foreldrafélagsins á heimasíðu skólans þar sem settar eru inn upplýsingar varðandi flest sem viðkemur foreldrafélaginu og störf foreldra tengd skólanum. Síðan hefur ekki verið mikið notuð sem fréttasíða en bekkjarfulltrúar voru hvattir til að senda til stjórnar fréttir og myndir af viðburðum í bekkjunum. Fréttirnar má senda á [ffalhol@gmail.is](mailto:ffalhol@gmail.is)

### 6. Foreldrasáttmálinn

Guðni bekkjarfulltrúi í 9.bekk kynnti foreldrasáttmálann og lagði áherslu á að mikilvægt væri sáttmálinn sé lagður fyrir á hverju ári og að umsjónarkennari taki þátt í þeirri vinnu. Þetta væri besta leiðin fyrir foreldra til að samræma reglur og viðmið innan bekkjarins.

Sáttmálinn hefur verið tvískiptur eftir aldri en er væntanlegur í 3 mismunandi útgáfum.

### 7. Umræður um áherslur hvers stigs

Bekkarfulltrúum var skipt í 3 hópa eftir stigum og þar voru rædd ýmis málefni s.s. afmæli, viðburði, foreldralaus partý úttivistartíma o.fl. mismunandi eftir stigum.

Niðurstöður þessara umræðna verða sendar til foreldra

8. Anna María sleit fundi kl 10:00

Fundargerð ritaði Sólveig B. Hlöðvesdóttir í fjarveru ritara stjórnar

# Niðurstöður úr umræðum bekkjafulltrúa

## Yngsta stig

### Afmælisveislur

- Mikilvægt að halda sig við að engin sé útundan.
- Mikilvægt að upphæðin sé sú sama innan árgangsins, það er að hún sé ekki mismunandi milli bekkja í sama árgangi.
- Mikilvægt að nota líka tölvupóst til að bjóða í afmæli því ekki er öruggt að boðskort berist foreldrum í tæka tíð.

### Hugmyndabankinn

- Nauðsynlegt að foreldrar séu líka að skemmta sér með börnunum á bekkjaskemmtunum.
- Disco bæði fyrir börn og foreldra.
- Spilakvöld þar sem foreldrar og börn eru að spila. Skiptingin þannig að foreldrar séu að spila við önnur börn en sín eigin.

### Það sem betur mætti fara í starfi foreldrafélagsins.

- Vera með facebook síðu.

## Miðstig

### Einelti í skólanum:

- Óljóst hvert á að leita ef foreldrar verða varir við einelti.
- Hvaða barn sem er getur lent í einelti.
- Skólinn þarf að hafa stefnu og viðbrögð varðandi eineltismál í skólanum
- Mikilvægt að bekkjarfulltrúar vinni með – í sumum tilvikum getur verið gagnlegt að hafa aðra leið fyrir eineltismál en það að leita til kennara
- Einelti verður oft fyrir utan skólastofuna t.d. í búningsklefum í íþróttum og í frímínútum
- Ábyrgð kennara er mest í eineltismálum, þeir þekkja nemendurna best sem hóp og hafa menntun og þekkingu til þess að taka á eineltismálum. Því ættu þeir að fara út í frímínútum.
- Mikilvægt að fræða skólaliða vel og að þeir verð vel á verði í frímínútum
- Dæmi um einelti þar sem vel hefur tekist til:
  - Strákur í 7.-8. Bekk lenti í stríðni. Foreldrar hringdu í foreldra bekkjarfélaganna. Á um viku hafði tekist að uppræta stríðnina
  - Einhverfur drengur byrjaði í 1. Bekk. Þegar hann byrjaði fengu allir foreldrar bækling og fræðslu um hans tilvik og gátu stutt við eigin börn.

### Afmælisveislur:

- Þegar boðsmíði fer í skólann er öllum bekknum boðið, öllum stelpunum eða öllum strákonum.
- Ef undir helming bekkjarins (eða helming stráka / stelpna) er boðið er boðið utan skólans. Sama á við ef einhverjum er boðið utan bekkjarins.
- Afmælisgjöfin er 1.000 kr. í umslagi (án korts)
- Afmælisveislur gjarnan heima eða að nýta hugmyndabankann hér að neðan:

### Hugmyndabanki:

- Hjólreiðatúr t.d. í Öskjuhlíð þar sem er að finna fjallahjólabraut.
- Fjallganga – Esjan, Helgafell, o.s.frv
- Fjöruferð
- Ratleikur
- Sleðaferð
- „Skate“park í Laugardal
- Fuglaskoðun + barnahús í Norræna húsinu
- “eighthies” party
- Sund t.d. í Álftanesi.
- Ævintýragarðurinn í Skútuvogi – rætt um foreldrasáttmála meðan börnin leika – endað á pizzu

### Efsta stig.

#### 1. Foreldralaus party.

Allir sammála um að slíkt er ekki í boði!

#### 2. Útivistartími.

Allir sammála um að fylgja útivistarreglum.

#### 3. Hvað mætti betur fara í starfi Foreldrafélags Álfhólsskóla?

- Fá foreldra til meiri virkni.
- Dreifa ábyrgð á verkefnum.
- Fylgja ákvæðum í lögum um foreldrafélög.
- Velja bekkjarfulltrúa að vori og bæta upplýsingagjöf um hverjir eru fulltrúar.
- Breyta skólasetningu þannig að skólastjóri hitti hvern árgang með foreldrum. Þannig má t.d. ná betur til foreldra nýbúa.

#### 4. Annað.

Rætt um netnotkun. Minnt á upplýsingar hjá SAFT, m.a. um óhollustu netnotkunar fyrir svefntíma. Foreldrar gætu komið sér saman um að börn þeirra hætti netnotkun á ákveðnum tíma. Hér mætti miða við útivistartíma.